

Minnisblað fjárhagsnefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Lögð eru fram drög að ársreikningi Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2025, rekstarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðsstreymi auk rekstarreiknings þriggja deilda og svæðisskipulagsgerðar.

Niðurstaða samkvæmt drögum ársreiknings er hér borin saman við endurskoðað fjárhagsáætlun sem samþykkt var á 70. Fjórðungssþingi að vori þann 1. apríl 2025. Skýrð verða frávik frá áætlun og eftir atvikum lagðar fram tillögur til að mæta þeim. Eins verður gerð grein fyrir ráðstöfun varasjóðs stjórnar á árinu 2025.

Rekstarreikningur ársins 2025.

- Rekstartekjur eru um 5 mkr lægri en áætlun, 286 mkr í stað 301 mkr. Meginskýring eru lægri framlög Jöfnarsjóðs vegna uppgjörs framlaga frá árinu 2024.
- Aðrar tekjur. Endurgreiddur kostnaður við vinnu verktaka að verkefni um kolefnisjöfnun sveitarfélaga samkvæmt viðaukasamningi við Sóknaráætlun frá 2024.
- Kostnaður vegna sérverkefna, sundurliðast í einstaka deildum
- Fjármagnstekjur. Eru 2,6 mkr umfram áætlun, vextir á innlánsreikningum héldust hærri en talið að yrði og inneign á reikningum voru um 15 mkr hærri en áætlað var þar sem beðið var með útgreiðslur til þriðja aðila.

Efnahagsreikningur.

- Fastafjármunir. Engar ófyrirséðar breytingar.
- Veltufjármunir. Hækkun viðskiptakrafna um 28 mkr tengjast óinnheimtum kröfum á Byggðastofnun 25,4 mkr og á Skipulagssjóðs 21,3 mkr.
- Eigið fé. Engar ófyrirséðar breytingar.
- Lífeyrisskuldbinding. Sett fram samkvæmt tryggingarfræðilegri úttekt á ármótum 2024 og 2025, en er þar framreiknuð til ársloka 2025. Nýr útreikningur verður gerður í lok árs 2026.
- Skammtímaskuldir.
 - Viðskiptaskuld. Ógreiddir alm reikningar á áramótum
 - Skuld við Vestfjarðastofu. Að mestu vegna ógreidds kostnaðar við Svæðisskipulag Vestfjarða á árinu 2025. Nefndarlaun 6,4 mkr, útlagður kostnaður 1,1 mkr, verkefnisstjórn og sérfræðivinna 5,7 mkr.
 - Óhafnir styrkir Uppbyggingarsjóðs. Greiddir út eftir áramót og krafa á Byggðastofnun á móti.
 - Ónotaðir styrkir og fyrirframgreiddar tekjur, alls 42,6 mkr. 13,9 mkr vegna C1 aðgerðar sem eru í framkvæmd en framlag ekki innheim.

10,5 mkr fyrirfram tekjur vegna vinnu við svæðisskipulagið, til ráðstöfunar 2026.

8,8 mkr vegna C1 verkefnis sem er lokið og styrkur innheimtur en ekki enn verið greiddur út.

5,4 mkr, eftirstöðvar Vaxtarsamnings Vestfjarða, bíður verkefnis hjá Vestfjarðastofu

3,9 mkr áhersluverkefni Menntastefnu frá 2023 og 1,9 mkr óráðstafað fjármagn vegna áhersluverkefnis 2025

- Ónotaðar tekjur fluttar á varasjóðs, staða varasjóðs í lok árs, var 11,2 mkr í upphafi.

Listi yfir verkefni sem úthlutað var úr varasjóði.

Varasjóður stjórnar staða 1.1.2025	2,470,183
Framlag til varasjóðs 2025 s.m.k. endursk fjárhagsáætlun 2025	9,000,000
Hönnun á merki FV	-1,250,000
Samgöngugreining, unnið af VSÓ v. Svæðisskipulags	-2,760,000
Aðgangur að uppl. kerfi Rannís, v. Uppbyggingarsjóðs	-2,000,000
Hönnun á merki FV aukavinna	-90,000
Varasjóður stjórnar staða 31.12.2025	5,370,183

Sjóðsstreymi

Aðallega tilfærslur vegna viðskiptkrafna sem eru útstandi hærri en árinu áður.

Almenn deild.

Rekstrartekjur

- Jöfnunarsjóður. Endurreiknað framlag ársins 2024 leiddi til lækkunar um 3,2 mkr. Ekki komið fyrir áður að framlag hafi lækkað fremur að lítilsháttar hækkun.
- Tekjur varasjóðs frá fyrra ári. framlag til hönnunar merkis og hönnunarstaðal.
- Aðrar tekjur. endurgreiddur útlagður kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðivinnu.

Rekstargjöld

- Aðkeyptir verktakar, hærra en áætlun vegna aðkeyptrar sérfræðivinnu.
- Annar skrifstofukostnaður, Hönnun merkis og endurskoðun, Bókhald
- Vaxtatekjur hærri vegna vaxtastigs og innistæðna

Sóknaráætlun

Rekstartekjur

- Tekjur fluttar frá fyrra f.f. ári. Sjá lista yfir styrki og áður óbókaðar greiddir styrkir uppbyggingarsjóðs hækka tekjur 1.550 þkr
- Ónotaðir

Rekstrargjöld

- Samstarf landshlutasamtaka. Fjármagn sem landshlutasamtök greiddu Rannís varðandi nýtt umsóknarkerfi fyrir Uppbyggingarsjóð, hvert hinna 7 samtaka greiddu 2 mkr hvert fyrir sig.
- Vaxtatekjur samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun

Rekstrarafkoma. sem nemur áður óbókaðir greiddir styrkir.

Atvinnu og nýsköpunarmál

Millifært vegna áhersluverkefna 15 mkr er til svæðisskipulags.

Engar aðrar ábendingar en stór hluti er verkefni svæðisskipulags, vísast til þess.

Svæðisskipulag

Millifært vegna áhersluverkefna, 15 mkr samkvæmt ákvörðun stjórnar og 2,8 mkr varasjóður stjórnar til samgöngumats.

Tillögur til umfjöllunar stjórnar, samkvæmt fundir fjárhagsnefndar 18. feb 2026.

Tillaga A. Deild Rekstur skrifstofu

Tap á deild Rekstur skrifstofu fyrir fjármagnsliði nemur um 2,9 mkr verði mætt með framlagi af varasjóði stjórnar, sem lækkar þá úr 5,4 mkr í 2,5 mkr. Rekstarniðurstaða ársreiknings myndi vera jákvæð er nemur 3,3 mkr sem er um 2,7 mkr umfram endurskoðaða fjárhagsáætlun 2025..

Tillaga B Deild Rekstur skrifstofu

Að mæta halla 2,9 mkr á deild Rekstur skrifstofu með vaxtatekjum að frádregnum vaxtagjöldum/fjármagnstekjuskatti, alls 3,3 mkr. Rekstarniðurstaða ársreiknings væri jákvæð sem næmi 360 þkr þkr sem er um 280 þkr lægri fjárhæð en endurskoðuð fjárhagsáætlun 2025

Ísafirði 18. febrúar 2026

A.Ó.